

mað 17/1 '69.

Vesturlandsumdæmi

S T A R F S S K Y R S L A

1 9 6 8

Daniel Kristjánsson,
skógarvörður.

S T A R F S S K Y R S L A

skógarvarðarins á Vesturlandi, 1968.

Veðrátta: Vetur var frekar purr og frosthárdur frá áramótum, snjóalög nokkur í fjöllum, en í byggð sunnantil a' Vesturlandi voru snjóalög ekki mikil. Stórhárdar gerði á vetrinum, og fylgdu þeim frosthörkur miklar er auðkenndu tíðarfari á liðnum vetri. Með sumri herti norðanátt og kulda, enda lá hafís á Húnaflóa fram í júlí. Norðannefjan suðuryfir heiðarnar frá Hrútafirði til Borgarfjarðardala er bitur og köld og veldur miklu tjóni á öllum gróðri, enda komu áhrifin ápreifanlega í ljós þegar snjó og klaka leysti loks eftir hörkum vetur og vor, jöfð reyndist stórkalin í uppsveitum og greri aldrei á árinu. Kuldinn hélzt langt fram eftir vori. Eg hef skrifad í dagbók mína að 5. júní fór hiti ekki yfir 3° , 6. júní var hiti 2° kl. 10 að morgni og 7. júní var frost og hvassviðri fram eftir degi, og þá reyndist tæp skóflustunga niður á klaka.

Þegar leið á júnímánuð hlýnaði lítið eitt, en hægt er með góðri samvizku að taka undir orð aldraðs bónda, er sagði að vorið hefði gleymst að bessu sinni. Það kom aldrei vor, og 17. júní var hitastig í Nordtunguskógi kl. 10 s.d. aðeins 2° og 18. júní 2° kl. 7 að morgni og 2° kl. 10 að kvöldi - sama hitastig hélzt óbreytt að kalla fram til 11. júlí, en eftir það fer að rofa til, hlýviðrisdagar koma og klaki fer ur jörð að mestu. Síðustu dagar júlmánaðar, allur ágústmánuður og allt til septemberloka voru oft hlýviðri, en 28. sept. gerði hríðar-veður um allan Borgarfjörð og víðar, og hélzt snjör og frost nokra daga, en hlýnaði aftur er kom fram um 7. okt. og einmuna tíð og bliðviðri hélzt svo úr því allt til áramóta að kalla. Sem dæmi get ég bess að Hreðavatn og fjallvötn víða hér um slóðir voru alauð til 18. des. og mun það vera einsdæmi.

Heildarlega er þetta ár mjög líkt árinu 1967 hvað tíðarfari áhrærir aðeins frávik um síðustu mánuði áranna, sem engu skiptir um gróður jarðar né afkomu þeirra, er við ræktun vinna.

Vöxtur trjáa o.fl.: Skógrá á Suðvesturlandi var ekki útsprunginn fyrr en um 10. júní. Að vísu sást örla á grænu brumi á nýgræðingi á stöku stað fyrr, en heildarlega var ekki um laufgun að ræða. Greni hreyfðist aðeins fyrr þar sem skilyrði eru bezt t.d. við Hreðavatn.

Lauffall varð fyrstu daga október og allt til 10. okt. Það var furðuleg sjón að sjá skógvíði í Borgarfirði standa fleiri daga alllaufgað upp úr sköflunum síðustu daga september og fyrst í október.

Vöxtur á rauðgreni við Hreðavatn varð allgóður og litur fagurgrænn. Í hinn sama gildir um Sitkagreni og Stafafuru, báðar tegundirnar þrífast allvel. Nokkuð bar á frostkali á rauðgreni í Nordtunguskógi og reyndist það einvörðungu á þeim plöntum er fengið höfðu áburðarskammt sumarið áður. Þar sem enginn áburður var borinn að plöntum bar ekkert á umræddum skemmdum. Það skal tekið fram, að skemmdir þessar eru ekki varanlegar, aðeins seinka framför í eitt ár. Hitt er alvarlegra ef rekja má þessar skemmdir til áburðarins, sem var í þessu tilfelli Kjarni ásamt litlum skammti af þrifosfati og litlu einu af kali. Sökum þessara óhappa afréð ég að bera ekki á skóglendi í þetta sinn, enda bótt nokkurt áburðarmagn væri til, taldi líka að þetta stutta sumar mundi ekki skila okkur afrakstri í samræmi við tilkostnað með áburðargjöf. Því miður voru nokkrar kalskemmdir á trjáplöntum á bersvæði, einkum þar sem norðanáttin var ríkjandi með öllum sínum kulda frá

hafisnum.

Fræfall var tölуверт og eru skógarreitirnir sem ræktarðir hafa verið undanfarna 2 áratugi, árvissastir með fræfall, en allt birki hér á Vesturlandi sem gróðursett hefur verið er af fræi úr Bæjarstæðaskógi. Eru víða allálitlegar skógarspildur af Bæjarstæðastofni og í haust var safnað um 6 kg. af Bæjarstæðabirkifræi hér í Borgarfirði og fékk Skógrækt ríkisins það.

Gamla birkið á þessum slóðum bar minna fræ en í fyrra, enda engu safnað af því.

Starfsfólk var álika langan tíma og s.l. ár í starfi. Starfsliðið var allt skólaþólk að kalla, og því miður flest óvant. Allt fólk sem hefur nokkra getu til að tryggja sér atvinnu lengri tíma, reynir að fá vinnu annarstaðar því flest af því fólk sem tekið er í vinnu hér, fær ekki nema stuttan tíma, en á tímabilinu maílok og fam í miðjan júlí er oft þörf fyrir nokkuð marga unglings meðan vinna við gróðursetningu og græðireit fara saman, en eftir þann tíma er aðeins þörf fyrir fátt fólk, enda skammtar fjárhagurinn það líka. Af þessu leiðir að allt fólk sem einhver úrræði hefur, treystir ekki á þessa stuttu vinnu.

Alls voru vinnuvikur 135 Mikill hluti launa sem greidd eru faraburtu úr héraðinu og hefur svo verið undanfarin ár.

Nýjar girðingar voru engar, en kafla úr Munadarnesgirðingu var endurnýjaður, alls um 400 m. og getur hann fallið inn í nýja girðingu á þessum stað, því nauðsyn ber til að nedurgirða Munadarnesgirðingu öræflega. Þá var gert við Jafnaskarðsgirðingu, en árlegt viðhald á henni er allmikið sökum legu hennar. Ytrafellsgirðing var einnig lagfærð, bætt í hana miklu af renglum og staurum, en fljóttlega þarf að endurnýja kafla í henni, enda sú girðing nær 30 ára gömul og upphaflega úr gömlu efni. Framkvæmd var aðgerð á Skótagirðingu í Forskafirði, en árlegt viðhald á henni verður tölувvert sökum snjóþyngsla og grjóðhruns. Þá fóru fram aðgerðir á Stórafjallsgirðingu, Hvammsgirðingu, Arnbjargarlækjargirðingu og Norðtungugirðingu, einnig á girðingu um Systkinareit í Reykholti.

Skógarhögg var ekki framkvæmt til nytja, en mikil er höggið fyrir gróðursetningu, og þó enn meir sem árlega verður að fjarlægja frá eldri gróðursetningum bæði við Hreðavatn, Arnbjargarlækjargirðingu, Ytrafellsgirðingu og fleiri girðingum. Það liggur ljóst fyrir að vinna við grisjun frá eldri gróðursetningum stóreykst á næstu árum, því innan skamms verður að rjóðurfella birkið þar sem barrtrén hafa þegar náð allt upp yfir 3 metra hæð og sumstaðar hærri.

Gróðrarstöð í Norðtunguskógi.

Freifsettar voru:

	Karsent
Rauðgreni 3/0 -Meldal- B 648 - (Tumast.)	13.000 17.000
Birki 2/0 -Bæjarst. - (Tumast.)	3.500 5.000
Bergfura 2/0 B 683 Gjerrili eyðistofa.	9.000 12.000
Stafafura 2/0 - Hazelton B.C. - B -673 (Tumast.)	9.000 12.000

Frá Hallormsstað komu eftirgreindar plöntur:

Birki 2/0 (dreifsettar) Bæjarst	5.000
Rauðgreni ? Trysil	17.000

Upplýsingar um Hallormsstaðarplöntur ekki frekar að sinni.

Alls nemur dreifsetning 56.500 plöntum. Úr reitnum voru teknar á árinu:

Rauðgreni 2/3 Rissa	7.000
Sitkagreni 2/3 Homer	1.500
Stafafura	1.000
Pirki 2/2 Bæjarst.	2.000

Samtals 11.500 plöntur

Í reitnum standa áfram, auk dreifsetningar í summar:

Rauðgreni	3/1	Stjórdal	15.000
Stafafura	3/1	Skagway	5.000
Rauðgreni	3/2	Stjórdal	18.000
Sitkagreni			3.000
Ýmislegt			2.000

Eftir útliti plantnanna í haust ættu 15 þúsund að vera vel hæfar í gróðursetningu síðla sumars.

Pegar hvert vorið öðru verra herjar á ungvíðið er ekki við góðu að búast. Undanfarin vor hafa unglöntur, sem fluttar eru og dreifsettar í kuldatíð ofan á klakajörð, vart skotíð rótum fyrsta sumarið hvað þá vaxið. Hér verður að breyta um. Æg hef undanfarið óskad eftir jarðvegsrannsókn á reitnum, en ekki orðið ágengt, sem ég tel þó brýna þörf. Í summar var gerð lítil tilraun með plast yfir aðeins tvö þeð og árangurinn af því varð góður. Næsta vor verður engin planta dreifsett nema jafnframt sé tryggt að plastbúnaður á þeðin sé fyrir hendi.

Í haust var samkvæmt ráði Baldurs Þorsteinssonar hafist handa um smá græðireit uppi á bardinu, sem ætlað er til ræktunar á ösp og reynivið, en báðar þessar tegundir þrifast mjög vel við græðireitinn. Landið var rutt, plægt og herfað, einnig borinn í það húsdýraáburður. Pegar erfiðleika ber að garði, hvort það er tíðarfari í verra lagi eða eitthvað annað, verður að mæta því með nýjum úrræðum sem duga. Það er ekki hægt að gefast upp.

Gróðursetning: Hafist var handa um gróðursetningu snemma í júní, en það var klaki í jörd allvíða hér um slóðir. Gróðursett var fram í miðjan júlí og byrjað aftur undir mánaðamót ágúst-sept. og þá adallega gróðursett fyrir Skógræktarfélag Borgarfjarðar. Helztu gróðursetningardeitir eru:

Arnbjargarlækjargirðing:

Stafafura	3/0	Skagway	8.675
Rauðgreni	3/4	Namsk.	2.250
Fjallafura	3/0	Sviss	2.000
Bastarður	3/3	M.P.	2.900
Plöntur samtals			<u>15.825</u>

Norðtunguskógar:

Bastarður	3/3	M.P.	2.750
Rauðgreni	3/3	Ytt.	3.100
Bastarður	2/3	M.P.	10.000
Hvítgreni	3/3	M.P.	2.100
Plöntur samtals			<u>18.000</u>

Hreimsstædagirðing:

Sitkagreni	3/4		2.250
Rauðgreni	3/4	Namsk.	2.250
Stafafura	3/0	Skagway	500
Plöntur samtals			<u>5.500</u>

Hvammsgirðing:

Rauðgreni	3/4	Namsk	3.200
Hvítgreni	3/3	M.P.	4.300
Stafafura	3/0	Skagway	1.700
Bergfura	3/0	Mt. L. B. 655	1.700
Plöntur samtals			<u>10.900</u>

Gilsbakkagirðing:

Rauðgreni 3/4 Hamskog

10.000

Samtals eru þessar plöntur sem gróðursettar hafa verið í summar 60.225.

Vegagerð var engin, en borið var ofaní nokkur slörk í veginum í Nordtunguskógi.

Byggingar voru engar, en rafurmagnsofnar voru látnir í húsið í Nordtunguskógi, voru þeir gamlar og þurftu aðgerða við. Með rafurmagnshitun sparast allmikil vinna sem fór í að saga og bera birki í ofna í húsinu. Þá voru nauðsynlegustu umbætur gerðar á húsinu, málun og fleira sem nauðsynlegt er.

Ymislegt: Tölувvert ber á því að fólk virði ekki friðhelgi skógræktar-girðinga. Það verður ávalt að vera á verði gagnvart hlíðum, t.d. var ég á ferð um miðjan september meðfram Jafnaskarðsgirðingu, langt frá alfaraleið. Þarna er lítið gönguhlið en óvelkomnir gestir höfðu skilið betta hlíð eftir opid og þarna voru nokkrar kindur komnar inn, sem þó náðust, en allt er þetta aukaksotnaður og umfram allt leiðinlegt að vita hvað fólkid er kærulaust.

Skógræktarstjóri kom skyndiferðir í Borgarfjörð og síðasta för hans var 15. nóv. og athugaði hann þá nokkrar skógræktargirðingar, einkum Jafnaskarðsgirðingu. Þá kom Baldur Þorsteinsson í græðireitinn og gaf góð ráð um störfin þar.

Ferðalög:

Eg var fjarverandi 190 daga vegna starfa minna hjá Skógrækt ríkisins. Fra 28. maí til 24. sept. var ég í Nordtunguskógi og sá um vinnuna, dreifingu plantna o.fl. Helstu ferðalög voru: 20. jan. fór ég á útbreiðslufund Skógræktarfélags Borgarfjarðar að Varmalandi, sýndi kvíkmynd og flutti erindi. Hundrað manns komu á fundinn og nær 40 nýjir félagar bættust við. 2. febrúar fór ég að Varmalandi flutti þar erindi og sýndi kvíkmyndir, 80 manns komu á sýninguna.

4.-5.-6.-7.-8.- og 9. mars var ég á skógarvarðafundi að meðtöldum ferðalögum til og frá á þann fund. 27.-28.-29. apríl fór ég ásamt skógræktarstjóra og Snorra Sigurðssyni til Stykkishólms og Búðardals á héraðsfundi Skógræktarfélaganna þar - einnig var fundur haldinn í Borgarnesi. 4. maí fór ég vestur að Arnarstapa á Mýrum, sýndi þar kvíkmyndir og talaði þar, sóttu samkomuna 120 manns.

15. júní fór ég samkvæmt eindreginni ósk Strandamanna, alla laið nordur í Bjarnarfjörð, athugaði alla skógarreiti og birkikjarr. Hitti nokkra ráðamenn í þessum málum og formann félagsins, Sverri bónda í Klúku í Tungusveit. Allur skógargróður er gjörónýtur í Strandasýslu - að kalla, og birkikjarrið er kalið að rótum. Mikil vonbrigði voru hjá fólk yfir þessu en ég sagði því að horfast í augu við raunveruleikann að hér í þessum feikna kulda þar sem hafísinn liggur ländfastur langt fram á summar væri vonlaust að fást við skógrækt. Það er ekki sársauka-laust að drepa vonir fólks, en hér var ekki um neitt annað að gera en segja sannleikann umbúðalaust, það er enginn bættari með að fást við hluti sem eru algjörlega vonlausir.

22. júlí fór ég með starfsfólk vestur í Ytrafellsgirðingu, en þar var girðingin endurbætt og grisjáð frá barrtrjánnum sem stækka mikil. 23. júlí fór ég vestur að Skógum í Porskafirði, athugaði girðinguna, en hún er nýgerð, hitti ég þann sem annaðist vinnuna Karl á Kambi og lofadi hann mér aðstöð síðar, gerði upp við hann um leið.

Brýn þörf er á að grisja í Jockumslundi og einnig verður ekki umflúið að girða melinn norðan girðingarinnar þar sem sitkagrenilundurinn er. Ég fór svo aftur að Ytrafelli og dvaldi þar til kvölds. 24. júlí, en þá fór ég með fólkid í Nordtunguskógi. 22.-23. og 24. ágúst fór ég á

aðalfund Skógræktarfélags Íslands en kom aftur úr þeirri ferð 27. ágúst. 26þ sept. fór ég til móts við skógræktarstjóra í Vatnaskógi, samkvæmt ósk hans. Auk þeirra ferðalaga sem hér greinir, fór ég margar ferðir um héraðið, en það er víðlent og margs að gæta þótt lítið eitt sé farið miðað við þörfina.

Fá mætti ég á nokkrum stjórnarfundum Skógræktarfélags Íslands í Reykjavík. Auk fjarveru minnar hef ég svo innt af höndum skýrslugerðir bæði fyrir Skógræktina og Skógræktarfélögum, en starfsemi þess hef ég alveg á mínum herðum, framkvæmdir allar Skýrslur og reikningshald, innheimtu, útborganir, útbreiðslustarf og fundahöld.

I haust var ég aðvaraður um ferðalög - að nú ætti að hætta að ferðast fyrir Skógræktina. Mér þótti vænt um þessa frétt og hef lítið hreyft mig síðan og mun ekki gera, því fyrir mig eru ferðalög dýr og þeir peningar sem til þeirra eru atlæðir frá ríkinu hrökkva skammt fyrir endurnýjun bíla, en í það hef ég á liðnum árum lagt alla mína afgangspeninga af kaupi- að eiga farartaki sem væri í fullkomnu lagi svo ég gæti innt af höndum skyldustörf míni, gæti komið leiðar minnar yfir torfærur með fólk og flutning- og ég hef endurnýjað bílinn á tveggja ára fresti, en það er of dýrt fyrir mig. Hitt er svo annað mál, hvort Skógræktin og skógræktarfélögum græða á því að sjá aldrei manninn sem á að starfa að þessum málefnum, nema við hátíðleg tækifæri ef til vill.

Arið sem kveður hefur verið vont að allra dómi, en þó finnst mér að skógræktin hafi gengið vonum framar. Áföll í skóglendum í mínu umdæmi eru ekki mikil, en við skulum jafnan hafa það hugfast að skógur getur ekki þrifist allstaðar.

Eg þakka öllu samstarfsfólk fyrir ánægjulegt samstarf. Eg þakka skógræktarstjóra sérstaklega fyrir þetta ár - og öll liðnu árin - en þau eru orðin mörg og á margan hátt viðburðarík.

A gamlársdag 1968

Daniel Þorsteinsson